



Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2024

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2024 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 4. maí 2024 kl. 15.00.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins.
- 4) Kosning kjörbréfanefndar.
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings.
- 6) Afhending viðurkenninga.
- 7) Ávörp gesta.
- 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitni skoðunarmanna).
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- 11) Reikningar bornir undir atkvæði.
- 12) Fjárhagsáætlun.
- 13) Lagabreytingar.
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
- 15) Kosning stjórnar og varamanna.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 17) Val fulltrúa á íþróttþing.
- 18) Önnur mál.
- 19) Ræða formanns.
- 20) Þingslit.

Fundargerð

- 1) Þingsetning. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir formaður setur þingið.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara. Auður stingur upp á Valdimar Leó Friðrikssyni sem fundarstjóra og Guðrúnu Gestsdóttur sem fundarritara, það er samþykkt samhljóða.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins. Fundarstjóri tekur við, samþykkt samhljóða.
- 4) Fundarstjóri biður um tilnefningar fyrir einstaklinga í kjörbréfanefnd. Auður tilnefnir Hlöðver Steina Hlöðversson, Bjarna Þorgeir Bjarnason og Kristján Örn Elíasson. Það er samþykkt samhljóða. Kristján stígur nokkru síðar í pontu og segir að aðildarfélagin séu 13, en einungis hafi

borist kjörbréf frá 5 félögum. 3 fulltrúar eru mættir frá HK, 2 af 3 frá BR, 5 frá KR, 3 frá Víkingi og einn af fjórum mættir frá BH. Hinir þrír fulltrúar BH mættu þegar 1 klst. var liðin af þinginu. Fyrri hluti fundarins fór því fram með 14 fulltrúum en seinni hlutinn með 17.

- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings. Formaður vísar til þess að fundargerðin hafi verið aðgengileg á heimasíðu sambandsins frá því í maí í fyrra. Engar athugasemdir gerðar við hana.
- 6) Afhending viðurkenninga. Auður afhendir silfurmerki til Hafþórs Barða Birgissonar, íþróttafulltrúa Reykjanesbæjar fyrir ótult starf í þágu borðtennisdeildar BR og til Valdimars Leó Friðrikssonar, fráfaramandi starfsmanns BTÍ, og honum þakkað samstarfið.
- 7) Ávörp gesta. Fundarstjóri mætir í pontu og býður Andra Stefánsson, framkvæmdastjóra ÍSÍ, velkominn. Andri flytur kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjóra, stjórnar og starfsfólks með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári. Vekur athygli á að borðtennishreyfingin eigi mikið inni hvað varðar útbreiðslu. Hvetur hreyfinguna til að nýta sér tilvonandi svæðisskrifstofur. Kemur inn á afreksíþróttastarfið í framtíðinni: bylting væntanleg í stuðningi við okkar fremsta íþróttafólk og sérsamböndin. Ræðir útbreiðslustyrk, hann kemur t.d. vegna tekna af getspánni. Óskar næstu stjórn góðs gengis.
- 8) Fráfaramandi stjórn gefur skýrslu. Auður fer yfir skýrslu stjórnar frá apríl 2023 til maí 2024. Fer yfir stærstu þætti í efni ársskýrslu. Fór yfir inngang sem hún ritaði í ársskýrsluna og vakti athygli á að skýrslan sé aðgengileg á vefnum. Rakti mót innanlands og utan, og deild tímabilsins í stuttu máli, umfjöllun um öflugt útbreiðslustarf, 19 félög nú með vikulegar æfingar, voru 11 slík félög í upphafi keppnisársins. Sérstakt hrós til Ruben Illera López þjálfara á Selfossi, sem hefur ekið til og þjálfað fyrir sex félög á Suðurlandi á árinu. Umferð á heimasíðunni sýnileg. Sagt frá nýjum unglíngalandsliðsþjálfara, Mattia Luigi Contu. Fyrirkomulag kvennadeildar heppnaðist vel og aldrei höfðu fleiri kvennalið verið skráð til leiks.
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram. Valdimar fer yfir ársreikning sambandsins. Nefnir að árið 2021 hafi lítið verið gert í afreksstarfi vegna COVID-19 faraldursins og afreksjóður ÍSÍ hafi endurkrafíð um styrk vegna EM og annað því tengt sumarið 2023, tæplega 1,4 milljónir. Ekki er sérstök lína um þetta í ársreikningi, bókað með öðru.
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins. Fundarstjóri opnar á umræðu. Auður útskýrir halla í rekstri. Hvað fer í ferðir og hvað fer í þjálfun hjá A-landslíði og unglíngalandsliði (sem bókhaldsþjónustan hefur ekki sundurgreint). Hækkað gjald til bókhaldsþjónustu, úr ca. 200.000 kr. í 800.000kr. Már Wolfgang Mixa gjaldkeri útskýrir kostnaðinn frá Fastlandi, hann spurði þau út í aukinn kostnað 2023. “Allt komið í tjón” varðandi bókhaldið, tímafrekt að greiða úr flækjum. Nú verða kvittanir sendar jafnóðum til bókhaldsþjónustu eða mánaðarlega. Auður heldur áfram: útbreiðslukostnaður var um 2x hærri en í fyrra, en áskorun var á síðasta þingi um að auka myndarlega við hann. Kostnaðarsamt hefur verið að hafa starfsmann í hlutastarfi, Valdimar mun ljúka störfum að þingi loknu eftir 2,5 ára starf. Kristján, sem skoðunarmaður, vill hnykkja á því að það sé meiri sundurliðun varðandi landsliðsferðir. Spyr hvort við borgum fyrir Smáþjóðaleikana. Andri svarar því og segir ÍSÍ borga um 70%. Andri segir að útbreiðslustyrkur virðist ekki stemma, hluti hans mögulega færður á rangt ár. Áætlaður í upphafi árs og gert upp í lok árs. Andri tekur einnig fram að annar sjóður heiti Afreksjóður, ekki Afreksmannasjóður, biður okkur um að breyta því. Segir sérsamböndum hafi fjölgað og þar með minni ríkisstyrkir til hvers sambands. Hlökkver spyr um aðkeypta þjónustu og hvers vegna rekstur heimasíðu virðist hafa aukist svona mikið. Auður útskýrir að aðkeypt þjónusta sé raunverulega einkum við kostnað ritara heimasíðu (15.000 kr. á mánuði) og stöku innslátt vegna styrkleikalista (þann sem sé ekki á vegum félaga). Smá kostnaður vegna heimasíðu hafi færst yfir á 2023 vegna þess að hún varð tilbúin í nóvember 2022. Undir aðkeyptri þjónustu sé reyndar greinilega einhver kostnaður sem ætti að vera undir útbreiðslunni (Suðurland, eldri borgarar, Sauðárkrókur). Auður svarar einnig að kostnaður vegna launakerfis (Payday) virðist færður þarna undir heimasíðuna í yfirliti Fastlands og mögulega líka útsendingarkostnaður frá Skjáskoti. Hið rétta sé að kostnaður við heimasíðuna séu rúmar 7 þúsund krónur á mánuði hjá Avista.

- 11) Reikningar bornir undir atkvæði. Fundarstjóri biður um kosningu reikninga. Þeir eru samþykktir einróma.
- 12) Fjárhagsáætlun. Valdimar fer yfir hana á skjánum og opnar á umræðu um fjárhagsáætlun. Andri mælir með að fara varlega í að hækka áætlaðar lottótekjur.
- 13) Lagabreytingar voru engar.
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist. Þeim var varpað upp á skjá og má einnig finna á bordtennis.is

a) Þorbergur Freyr Pálmarsson kemur fyrstur í pontu og kynnir tvær tillögur, leggur til að hafa peningaverðlaun á mótum sem væri hvati til að mæta fyrir bestu leikmennina. Hin tillagan snýr að því að stytta tímann sem óvirk nöfn eru á styrkleikalistanum.

i) Andri bendir á að það sé ekki hlutverk þingsins heldur stjórnar að afgreiða reglugerðartillögur og dregur í efa að rétt sé að einstaklingar komi með tillögur frekar en í nafni félags. Nokkrir gestir taka til máls og telja umræðu sem þessa samkvæmt venju og jákvæða fyrir stjórn en sjálfsagt sé að vísa tillögunum til stjórnar eftir umræðu.

Athugasemd frá Ástu Urbancic varðandi styrkleikalistann, sem barst í tölvupósti, þar sem Ásta var fjarverandi. Athugasemdin snýr að því að það sé bundið í lög BTÍ að miða eigi við fjölda virkra leikmanna á styrkleikalista í þrjú ár vegna úthlutunar þingfulltrúa, svo það væri óheppilegt að ekki væri miðað við sama tímabil á báðum stöðum. Pétur M. og Pétur G. styðja tillögur Þorbergs. Segja þó að félag sem heldur mót ætti að geta ráðið hvort peningaverðlaun séu veitt eða ekki. Ingimar stingur upp á að hækka mótsgjöld. Jón G. telur að gæta verði þó að sársaukamörkum varðandi mótsgjöld svo þátttakendum fækki ekki og hvetur félög til að halda mót í samstarfi við fyrirtæki, sem styrki þau.

b) Magnús Gauti Úlfarsson kom næstur í pontu. Hann leggur til að vægi móta sé breytilegra á milli móta. T.d. meira vægi á lokamóti BTÍ og minna í deildarkeppni. Mismunandi hvort spilað upp í 3 eða 4 lotur unnar - staðla skuli fjölda lotna á milli móta í lokamótaröðinni. Bjarni rifjaði upp mikilvægi gömlu Grand Prix mótanna. Magnús Gauti leggur einnig til að bæta við fleiri flokkum á styrkleikalistanum, t.d. hafa nýjan flokk fyrir yfir 2000 stig sem gæti t.d. heitið stórmeistaraflokkur. Kristjáni finnst þetta ekki sanngjörn aðferð, að hafa mismunandi vægi. Jóhannes sammála að breyta vægi. Ársæll, Pétur M., Pétur G. og Skúli styðja einnig tillögur Magnúsar, fyrir utan að þeir vilja ekki lækka vægi í deildinni, því þar með væri dregið úr mikilvægi deildarkeppninnar. Pétur G. telur deildina alltaf mikilvægari en lokamótið, sem var til reynslu þetta keppnistímabil. Ellert nefnir verðbólgu á styrkleikalistanum þegar keppni gildir til styrkleika 3 eins og deildin - fleiri stig bætast við í kerfið en tapast. Stutt umræða varð um núverandi fyrirkomulag deildarkeppninnar. Ársæll nefndi að sér fyndist leikirnir of margir, en Pétur G. og Skúli sögðust hlynntir núverandi fyrirkomulagi og kváðu marga ánægða.

c) Næstur í pontu var Pétur Marteinn Urbancic Tómasson. Hann leggur til meiri fyrningu á stigum ef leikmenn verða óvirkir en leggur útfærslu í hendur stjórnar. Leggur til að tekin sé út óvirk regla um að leikmenn komi inn á neðsta stað í síðasta flokk sinn ef þeir verði óvirkir. Leikmenn þurfi að spila einliðaleik til að halda sér á listanum, ekki nóg að spila tvíliða og tvenndar. Pétur G. og Jóhannes lýsa yfir stuðningi við báðar tillögurnar.

d) Að lokum flutti Guðrún Gestsdóttir tillögu frá Ástu um að nóg sé að einn sé skráður í aldursflokk til að fá verðlaun/Íslandsmeistaratitil. Jóhannes, Skúli og Þorbergur lýsa yfir stuðningi.

i) Enginn virðist andsnúinn ofangreindum tillögum fyrir utan þetta með vægið á deildarleikjum, að BTÍ eigi að setja í reglur að peningaverðlaun séu á mótum félaga og að tími til að verða óvirkur á styrkleikalista styttest úr 3 árum. Öllum tillögum vísað til stjórnar.

- e) Þá óskar Auður eftir skoðun borðtennisfólks á hugsanlegu nýju fyrirkomulagi á Íslandsmóti fullorðinna, þar sem fyrstu leikir yrðu spilaðir sem riðlakeppni frekar en beinn útsláttur, og hvort keppa skuli áfram í 1.fl og 2. fl. Allir sem taka til máls styðja riðlakeppni, en finnst á sama tíma mikilvægt að halda í 1.fl og 2.fl. Stungið upp á að 8 efstu á styrkleikalista fari beint í útslátt. Bjarni minnir á að við erum ekki stjórnþjóð í borðtennis, og mótið þurfi að vera aðlaðandi. Ingimar stingur upp á undanmóti til að eiga rétt á lokamóti Íslandsmóts. Guðmundur St. nefnir að stigamótin gætu verið aðgangur að Íslandsmóti. Pétur M. lýsir efasemdum um undanmót, en gæti þó verið gott markmið. Gæti virkað fyrir meistaraflokk.
- 15) Kosning stjórnar og varamanna. Auður gefur áfram kost á sér sem formaður. Klappað fyrir sjálfkjörnum formanni. Tímabil Ingimars Ingimarssonar varaformanns og Sigurjóns Ólafssonar ritara er að renna út út. Ingimar gefur ekki kost á sér áfram en Sigurjón gerir það. Jóhann Ingi Benediktsson býður sig fram í aðalstjórn. Guðrún Gestsdóttir og Már Wolfgang Mixa sem hlutu kjör í fyrra eiga ár eftir af kjörtímabili sínu. Klappað fyrir sjálfkjörinni stjórn. Pétur Stephensen, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Jón Gunnarsson áfram í varastjórn, í þessari röð. Klappað fyrir sjálfkjörinni varastjórn.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga. Lagt til að Árni Siemsen og Kristján Örn Eliasson haldi áfram sem skoðunarmenn. Það er samþykkt.
- 17) Val fulltrúa á íþróttaping. Fundarstjóri minnir á að hefð sé fyrir að vísa þessu til stjórnar og leggur það til. Það samþykkt einróma.
- 18) Önnur mál. Mótanefnd þakkar HK sérstaklega fyrir gott samstarf á tímabilinu. Útveguðu 3x húsnæði með litlum fyrirvara fyrir deildarkeppnina. Jón Gunnarsson minnir á Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum í júní. Erla spyr um barnastarf og hvernig það hafi verið. Vísar í afreksstefnu BTÍ á heimasíðunni þar sem sé sérstaklega talað um starf BTÍ fyrir 12 ára og yngri. Auður þakkar fyrir gagnlega ábendingu, og svarar því að þessu hafi lítið verið sinnt sérstaklega, þó starf af þessu tagi falli að einhverju leyti undir unglíngalandsliðsæfingar sem eru annan hvern föstudag. Kristján veltir upp slæmri afkomu sambandsins, kannski þurfi að draga saman í landsliðsverkefnum, allavega þurfi að forgangsraða á næsta ári. Pétur G. hrósar stjórn fyrir að nota peninginn, samsinnir að auðvitað þurfi að vanda valið og segist treysta stjórn til þess. Andri og Úlfur H. Hróbjartsson, meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ nefna að sérsambönd þurfi að vera skráð á almannaheillaskrá, það skipti máli fyrir skattinn t.d. til að greiða ekki skatt af innlánsvöxtum á bankareikningum, bæði fyrir félög og sérsambönd, passa að haka við, gert á rsk.is, þarf að gera í febrúar og þarf að endurnýja á hverju ári. Auður minnir á að félög geti alltaf haft samband við BTÍ í sambandi við ábendingar og hugmyndir, og Pétur G nefnir að sambandið geti að sama skapi haft samband við félögin um álitamál o.fl.
- 19) Ræða formanns. Auður þakkar fyrir gott þing og hvetur til góðs samstarfs á komandi ári.
- 20) Þingslit. Þingi slitið klukkan 17:10.

Fundargerð ritaði Guðrún Gestsdóttir.